

1864.

22. sept.

Eptir að stjórnarráðið nú er búið að fá ítarlegri skýrslur um málið með bréfi yðar, dags. 1. dag febrúarm. þ. á., þá skal yður nú kunngjört yður til leiðbeiningar, að eptir því, sem enn er fram komið í málinu, virðist dómsmálastjórninni ekki vera næg ástæða til að sleppa ríkissjóðsins vegna rekastökum þeim, sem hér er um rætt. 7 fylgiskjöl eru með bréfi þessu.

22. sept.

79. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins og amtmannanna á Íslandi, um skil sýslumanna fyrir tekjum.

Með því þess hefir vart orðið, þegar saminn hefir verið sá kaflinn, er Ísland snertir, af ríkisreikningunum fyrir hin síðari fjárhagsárin, að sýslumennirnir á Íslandi stundum hafa brotið á móti því, sem fyrir er mælt í bréfi innanríkisstjórnarinnar 13. d. janúarm. 1854 og bréfi dómsmálastjórnarinnar 5. d. júlím. 1861, þegar þeir hafa borgað tekjur þær, sem þeir hafa undir höndum, þarsem þeir ekki hafa tilgreint, svo sem vera ber, fyrir hvaða tekjum sæu gjörð skil með fê því, er þeir í hvert skipti borga, þá skorar dómsmálastjórnin hærmeð á yður, herra (tit.), eptir undirlagi rannsóknarmanna ríkisreikninganna, að skýra stjórnarráðinu frá, hvenær fjársektir að undanförmu hafa verið við hafðar í suðurumdæminu (vesturumdæminu, — norður- og austurumdæminu) samkvæmt fyrgreindu bréfi dómsmálastjórnarinnar, til að neyða hlutaðeigendur til að hlýðnast boði því, sem hér er um rætt, svo og láta stjórnarráðið framvegis undireins vita af, þegar slíkum fjársektum verður beitt.

30. sept.

80. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi og amtmannsins yfir vesturumdæminu, um reikninga sýslumanna og umboðsmanna¹.

Þaræð ýmsir íslenzkir reikningar fyrir fjárhagsárið 1863—

¹) Amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu var s. d. ritað á sama hátt í bréfi, er þaradanki var um annað efni.

1864.
30. sept.

1864 ekki eru enn komnir til stjórnarinnar, finnur stjórnarráðið ástæðu til að skora á yður, herra (tit.), að brýna fyrir embættismönnum þeim í yðar umdæmi, sem tekjur eiga að heimta fyrir ríkissjóðinn, ákvörðun þá, sem er í bréfi dómsmálastjórnarinnar, dags. 4. dag septemberm. 1861, um að senda reikninga í tækan tíma. Þaraðauki þykir stjórnarráðinu réttast, að embættismönnum þessum, til þess að girða fyrir, að þeir geti notað tekjur þess ársins, sem er að líða, til að borga með tekjur þær, sem til eru færðar í reikningi næsta árs á undan, sè bent á, að þeim sè ekki leyfilegt að halda hjá sèr tekjum þeim, er þeir heimta, þangaðtil þeir senda reikningana til amtsins, heldur sè það skylda þeirra að borga þær inn í ríkissjóðinn svo skömmum tíma eptir gjalddaga þeirra, sem unnt er eptir ásíðkomulagi landsins:

81. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um að amtmenn megi gefa ýmisleg leyfisbréf. 30. sept.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum 12. þ. m. þóknast meðal annars allramildilegast að fallast á:

1. að amtmönnunum á Íslandi sè á hendur falið að framselja;
 - a. Leyfisbréf til að leiða ný vitni og leggja fram ný skjöl í málum, sem skotið er til hins íslenska landsyfirrættar; þaraðauki má einnig framvegis fá leyfisbréf þessi hjá stiptamtmanninum yfir Íslandi.
 - b. Leyfisbréf til að vera executor testamenti í dánarbúum, þegar ekkert þykir athugavert við málið.
 - c. Leyfisbréf til að fá ógildingardóm á veðskuldabréfum og eignardóm fyrir fasteignum, og
 - d. Leyfisbréf til að ganga að eiga ekkju bróður, föðurbróður eður móðurbróður síns, eður föðursystur eður móðursystur konu sinnar látinnar, svo framarlega sem hvorugt hjóna-efnanna er gyðingatrúar, og
2. að greindum amtmönnum sè veitt vald til að leyfa því hjóna,